

Ed.

87. Frumvarp til laga

[85. mál]

um efnahagsaðgerðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr vixlgangi kaupgjalds og verðlags skal frá 1. desember 1982 fella niður helming af þeirri verðbótahækkun launa er ella hefði orðið vegna ákvæða í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

Ákvæði 1. mgr. skal einnig taka til launa í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og í vinnslu- og dreifingarkostnaði búvara, sbr. lög nr. 95/1981.

Þegar verð á þeim fisktegundum, sem tilgreindar eru í tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 11/1982, er ákveðið í fyrsta skipti eftir 1. september 1982, skal meðalhækkun á verði þeirra fisktegunda ekki vera meiri en nemur hækkun verðbóta á laun eftir 1. september til þess tíma, er fiskverðsákvörðun tekur gildi, að teknu tilliti til 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að sérstakar bætur, allt að 50 millj. króna, verði greiddar úr ríkissjóði til láglaunafólks á árinu 1982. Tilhögun þessara bóta verður ákveðin í samráði við samtök launafólks.

3. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 23. ágúst 1982, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisstil, að frádragnum 6,5% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkunir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða sem þessi lög taka til.

4. gr.

Gengismunur, sem myndast samkvæmt ákvæðum 3. gr., skal lagður í sérstakan gengismunarsjóð, sem skal varið í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

1. Krónum 80 milljónum skal varið til greiðslu óafturkræfs framlags til togara til að bæta rekstrarafkomu þeirra vegna aflabrests á fyrri hluta þessa árs. Skal Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins annast greiðslur þessar samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.
2. Krónur 15 milljónir til loðnuvinnslustöðva samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.
3. Krónur 10 milljónir í Fiskimálasjóð, sem verði ráðstafað til orkusparandi aðgerða í útgerð og fiskvinnslu og til fræðslu um gæði og vöruvöndun í sjávarútvegi samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

4. Krónur 5 milljónir í lífeyrissjóði sjómanna, samkvæmt nánari reglum sem ríkisstjórnin setur, að höfðu samráði við sjómannasamtökin.
5. Eftirstöðvar, þar með taldir vextir, renni í Stofnfjár sjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur, að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

5. gr.

Heimilt er sjávarútvegsráðherra að ákveða, að eftirstöðvar þess fjár, sem er í vörslu Fiskveiðasjóðs Íslands, sbr. a) og b) lið 17. gr. laga nr. 79/1968, b) lið B málsliðar 3. gr. laga nr. 2/1978 og 2. tl. b) liðar 3. gr. laga nr. 22/1979, renni í Stofnfjár sjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

6. gr.

Pegar eftir gildistöku laga þessara skal lækka hundraðshluta verslunarálagningar sem því svarar að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofnsins, sem leiðir af hækkun á verði erlends gjaldeyris frá því gengi sem gildi 11. ágúst 1982 miðað við þær álagningarreglur, sem í gildi voru samkvæmt ákvörðunum verðlagsráðs þann dag.

Ekki má hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu, eða öðrum viðskiptum frá því sem var 12. ágúst 1982 með breytingum skv. 1. mgr., nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda.

7. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1981, breytist með svofelldum hætti:

- a) 1. og 2. málsliður 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1981, orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1983 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

- b) Upphaf A-liðar 1. gr. laganna orðist svo:

Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 32% gjald:

- c) Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við A-lið 1. gr. laganna:

07.05.00	18.06.03	21.05.11
16.03.00	19.02.01	21.05.19
17.01.23	19.02.02	21.05.21
17.01.24	20.02.01	21.06.01
17.01.27	21.02.11	21.06.02
17.01.29	21.02.19	21.07.01
17.02.04	21.02.20	21.07.02
17.04.02	21.03.00	33.04.01
18.05.01	21.04.01	33.04.02
18.05.09	21.04.02	33.04.03
18.06.01	21.04.09	33.04.09
18.06.02		

- d) Upphaf B-liðar 1. gr. laganna orðist svo:

Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 40% gjald:

8. gr.

Hið hækkada vörugjald sem skv. 7. gr. þessara laga skal lagt á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 23. ágúst 1982 skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 23. ágúst 1982 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 23. ágúst 1982. Sama gildir um innheimtu gjalds af vörum sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

Af birgðum, sem innlendir framleiðendur gjaldskyldra vara skv. 1. gr. laga nr. 107/1978 með síðari breytingum eiga hinn 22. ágúst 1982, skal greiða sérstakt vörugjald eins og það var ákvæðið fyrir gildistöku þessara laga en undanþiggja birgðir innendra framleiðsluvara sérstöku vörugjaldi sem við gildistöku þessara laga verða gjaldskyldar, þrátt fyrir að sala eða afhending af vörubirgðum þessum fari fram eftir 22. ágúst 1982, enda liggi fyrir staðfesting af hálfu tollstjóra í því umdæmi þar sem framleiðsla fer fram um stöðu birgða hinn 22. ágúst 1982. Vegna birgðatalningar skal framleiðandi gera sérstaka birgðatalningarskýrslu um vörumagn og verksmiðjuverð birgða hinn 22. ágúst 1982, sem afhent skal tollstjóra. Birgðatalning og staðfesting hennar skal fara fram innan viku frá gildistöku laga þessara. Staðfest birgðatalningarskýrsla skal fylgja skýrslu vegna skila á sérstöku tímabundnu vörugjaldi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1982. Við álagningu og skil á sérstöku vörugjaldi eða undanþágu frá greiðslu þess samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar skal telja að fyrstar séu seldar eða afhentar vörur sem framleiðandi átti í birgðum hinn 22. ágúst 1982. Þannig skal draga heildarandvirði birgða hinn 22. ágúst 1982 frá heildarandvirði seldra eða afhentra vara á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 og greiða af mismuninum sérstakt vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, sbr. 7. gr. þessara laga. Sé heildarandvirði birgða 22. ágúst 1982 hærra en vörusala á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 skal mismunurinn á sama hátt dreginn frá síðari sölu eða afhendingu uns vörusala eða afhending fer fram úr verðmæti birgða 22. ágúst 1982. Nú ber vörugjaldskyldum framleiðanda að greiða á sama gjalddaga sérstakt vörugjald annars vegar vegna sölu eða afhendingar vörugjaldsskyldra vara fyrir 23. ágúst 1982 eða sölu eða afhendingar á birgðum samkvæmt þessari málsgrein og hins vegar sérstakt vörugjald skv. 7. gr. þessara laga, skal hann skila tveimur skýrslum vegna skila á sérstöku vörugjaldi, annarri vegna álagningar sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga og hinni vegna álagningar gjaldsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 eins og þau voru fyrir gildistöku þessara laga, og skal sama gilda vegna lækkunar gjaldsins 1. mars 1983. Verði breytingar á verksmiðjuverði birgða frá því sem tilgreint hefur verið í birgðatalningarskýrslu, skal við álagningu sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar leggja hið nýja verksmiðjuverð til grundvallar, en gera skal innheimtumanni ríkissjóðs skriflega grein fyrir slíkum breytingum.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 23. ágúst 1982 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkada vörugjald, sem samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga gildir frá og með 23. ágúst 1982, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir septemberlok 1982. Sama á við um þær vörur sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

Hafi innflytjandi fyrir 23. ágúst 1982 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga gildir til og með 22. ágúst en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 4. september 1982. Sömu tímamörk gilda um tollafgreiðslu vara sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

9. gr.

Við beitingu 3. mgr. 3. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. 3. gr. laga nr. 80/1980, skal á tímabilinu 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 hækka sérstakt vörugjald í 40% eða lækka í 32% í stað þess að hækka gjaldið í 30% eða lækka í 24% eins og þar greinir.

10. gr.

1. mgr. 11. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum orðist svo:

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess tilgreint í erlendri mynt, og skal þá því eða hluta þess við ákvörðun tollverðs breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi þegar varan er tekin til tollmeðferðar. Fjármálaráðuneytið getur þó ákveðið með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að sölugengi sem skráð er í bönkum hér á landi skuli við ákvörðun tollverðs gilda sem tollafgreiðslugengi fyrir ákveðinn tíma, þó eigi lengur en til eins mánaðar í senn. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að breytist skráð sölugengi gjaldmiðils eða tollafgreiðslugengi eftir að vara hefur verið tekin til tollmeðferðar, sbr. 14. gr., skuli miða við hið nýja gengi við endanlega tollafgreiðslu vöru.

11. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í VIII. kafla laga um efnahagsmál nr. 13/1979 bætist nýr liður tölumerktur IV. svohljóðandi:

Draga skal sérstaklega 2,9 prósentustig frá þeirri verðbótahækkun launa, er skal eiga sér stað frá 1. september 1982 vegna ákvæða í 48.—52. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjala hér á eftir:

BRÁÐABIRGÐALÖG

um efnahagsaðgerðir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gera nú þegar ýmsar ráðstafanir í efnahagsmálum, vegna þeirra þungu áfalla, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir á undanförunum mánuðum. Aflabrestur, verðfall og sölutregða á íslenskum afurðum hafa valdið vaxandi viðskiptahalla gagnvart útlöndum, þrengt að atvinnuvegunum, aukið verðbólgu og dregið úr þjóðartekjum.

Af þessum ástæðum ber brýna nauðsyn til þess að draga úr vixlgangi verðlags og launa, minnka viðskiptahalla og styrkja stöðu atvinnuveganna. Sú 13% lækkun á gengi íslenskrar krónu, sem Seðlabanki Íslands hefur ákveðið með samþykki ríkisstjórnarinnar, kallar einnig á setningu bráðabirgðalaga um gengismun af útflutningsbirgðum og ráðstöfun hans.

Fyrir því eru sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr vixlgangi kaupgjalds og verðlags skal frá 1. desember 1982 fella niður helming af þeirri verðbótahækkun launa er ella hefði orðið vegna ákvæða í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

Ákvæði 1. mgr. skal einnig taka til launa í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og í vinnslu- og dreifingarkostnaði búvara, sbr. lög nr. 95/1981.

Þegar verð á þeim fisktegundum, sem tilgreindar eru í tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 11/1982, er ákveðið í fyrsta skipti eftir 1. september 1982, skal meðalhækkun á verði þeirra fisktegunda ekki vera meiri en nemur hækkun verðbóta á laun eftir 1. september til þess tíma, er fiskverðsákvörðun tekur gildi, að teknu tilliti til 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að sérstakar bætur, allt að 50 millj. króna, verði greiddar úr ríkissjóði til láglaunafólks á árinu 1982. Tilhögun þessara bóta verður ákveðin í samráði við samtök launafólks.

3. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útflyttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 23. ágúst 1982, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutnings skjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádrögnum 6,5% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða sem þessi lög taka til.

4. gr.

Gengismunur, sem myndast samkvæmt ákvæðum 3. gr., skal lagður í sérstakan gengismunarsjóð, sem skal varið í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

1. Krónum 80 milljónum skal varið til greiðslu óafturkræfs framlags til togara til að bæta rekstrarafkomu þeirra vegna aflabrests á fyrri hluta þessa árs. Skal Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins annast greiðslur þessar samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.
2. Krónur 15 milljónir til loðnuvinnslustöðva samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.
3. Krónur 10 milljónir í Fiskimálasjóð, sem verði ráðstafað til orkusparandi aðgerða í útgerð og fiskvinnslu og til fræðslu um gæði og vöruvöndun í sjávarútvegi samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.
4. Krónur 5 milljónir í lífeyrissjóði sjómanna, samkvæmt nánari reglum sem ríkisstjórnin setur, að höfðu samráði við sjómannasamtökin.
5. Eftirstöðvar, þar með taldir vextir, renni í Stofnfjár sjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur, að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

5. gr.

Heimilt er sjávarútvegsráðherra að ákveða, að eftirstöðvar þess fjár, sem er í vörslu Fiskveiðasjóðs Íslands, sbr. a) og b) lið 17. gr. laga nr. 79/1968, b) lið B málsliðar 3. gr. laga nr. 2/1978 og 2. t. b) liðar 3. gr. laga nr. 22/1979, renni í Stofnfjár sjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

6. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal lækka hundraðshluta verslunarálagningar sem því svarar að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofnsins, sem leiðir af hækkun á verði erlends gjaldeyris frá því gengi sem gildi 11. ágúst 1982 miðað við þær álagningarreglur, sem í gildi voru samkvæmt ákvörðunum verðlagsráðs þann dag.

Ekki má hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu, eða öðrum viðskiptum frá því sem var 12. ágúst 1982 með breytingum skv. 1. mgr., nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda.

7. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1981, breytist með svofelldum hætti:

- a) 1. og 2. málsliður 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1981, orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1983 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

- b) Upphaf A-liðar 1. gr. laganna orðist svo:

Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 32% gjald:

- c) Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við A-lið 1. gr. laganna:

07.05.00	18.06.03	21.05.11
16.03.00	19.02.01	21.05.19
17.01.23	19.02.02	21.05.21
17.01.24	20.02.01	21.06.01
17.01.27	21.02.11	21.06.02
17.01.29	21.02.19	21.07.01
17.02.04	21.02.20	21.07.02
17.04.02	21.03.00	33.04.01
18.05.01	21.04.01	33.04.02
18.05.09	21.04.02	33.04.03
18.06.01	21.04.09	33.04.09
18.06.02		

d) Upphaf B-liðar 1. gr. laganna orðist svo:

Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 40% gjald:

8. gr.

Hið hækkaða vörugjald sem skv. 7. gr. þessara laga skal lagt á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 23. ágúst 1982 skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendra framleiðslu frá og með 23. ágúst 1982 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 23. ágúst 1982. Sama gildir um innheimtu gjalds af vörum sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

Af birgðum, sem innlendir framleiðendur gjaldskyldra vara skv. 1. gr. laga nr. 107/1978 með síðari breytingum eiga hinn 22. ágúst 1982, skal greiða sérstakt vörugjald eins og það var ákveðið fyrir gildistöku þessara laga en undanþiggja birgðir innlendra framleiðsluvara sérstöku vörugjaldi sem við gildistöku þessara laga verða gjaldskyldar, þrátt fyrir að sala eða afhending af vörubirgðum þessum fari fram eftir 22. ágúst 1982, enda liggja fyrir staðfesting af hálfu tollstjóra í því umdæmi þar sem framleiðsla fer fram um stöðu birgða hinn 22. ágúst 1982. Vegna birgðatalningar skal framleiðandi gera sérstaka birgðatalningarskýrslu um vörumagn og verksmiðjuverð birgða hinn 22. ágúst 1982, sem afhent skal tollstjóra. Birgðatalning og staðfesting hennar skal fara fram innan viku frá gildistöku laga þessara. Staðfest birgðatalningarskýrsla skal fylgja skýrslu vegna skila á sérstöku tímabundnu vörugjaldi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1982. Við álagningu og skil á sérstöku vörugjaldi eða undanþágu frá greiðslu þess samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar skal telja að fyrstar séu seldar eða afhentar vörur sem framleiðandi átti í birgðum hinn 22. ágúst 1982. Þannig skal draga heildarandvirði birgða hinn 22. ágúst 1982 frá heildarandvirði seldra eða afhentra vara á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 og greiða af mismuninum sérstakt vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, sbr. 7. gr. þessara laga. Sé heildarandvirði birgða 22. ágúst 1982 hærra en vörusala á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 skal mismunurinn á sama hátt dreginn frá síðari sölu eða afhendingu uns vörusala eða afhending fer fram úr verðmæti birgða 22. ágúst 1982. Nú ber vörugjaldskyldum framleiðanda að greiða á sama gjalddaga sérstakt vörugjald annars vegar vegna sölu eða afhendingar vörugjaldsskyldra vara fyrir 23. ágúst 1982 eða sölu eða afhendingar á birgðum samkvæmt þessari málsgrein og hins vegar sérstakt vörugjald skv. 7. gr. þessara laga, skal hann skila tveimur skýrslum vegna skila á sérstöku vörugjaldi, annarri vegna álagningar sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga og hinnari vegna álagningar gjaldsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 eins og þau voru fyrir gildistöku þessara laga, og skal sama gilda vegna lækkunar gjaldsins 1. mars 1983. Verði breytingar á verksmiðjuverði birgða frá því sem tilgreint hefur verið í birgðatalningarskýrslu, skal við álagningu sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar

greinar leggja hið nýja verksmiðjuverð til grundvallar, en gera skal innheimtumanni ríkissjóðs skriflega grein fyrir slíkum breytingum.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 23. ágúst 1982 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga gildir frá og með 23. ágúst 1982, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir septemberlok 1982. Sama á við um þær vörur sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

Hafi innflytjandi fyrir 23. ágúst 1982 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga gildir til og með 22. ágúst en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 4. september 1982. Sömu tímamörk gilda um tollafgreiðslu vara sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

9. gr.

Við beitingu 3. mgr. 3. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. 3. gr. laga nr. 80/1980, skal á tímabilinu 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 hækka sérstakt vörugjald í 40% eða lækka í 32% í stað þess að hækka gjaldið í 30% eða lækka í 24% eins og þar greinir.

10. gr.

1. mgr. 11. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum orðist svo:

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess tilgreint í erlendri mynt, og skal þá því eða hluta þess við ákvörðun tollverðs breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi þegar varan er tekin til tollmeðferðar. Fjármálaráðuneytið getur þó ákveðið með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að sölugengi sem skráð er í bönkum hér á landi skuli við ákvörðun tollverðs gilda sem tollafgreiðslugengi fyrir ákveðinn tíma, þó eigi lengur en til eins mánaðar í senn. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að breytist skráð sölugengi gjaldmiðils eða tollafgreiðslugengi eftir að vara hefur verið tekin til tollmeðferðar, sbr. 14. gr., skuli miða við hið nýja gengi við endanlega tollafgreiðslu vöru.

11. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í VIII. kafla laga um efnahagsmál nr. 13/1979 bætist nýr liður tölumerktur IV. svohljóðandi:

Draga skal sérstaklega 2,9 prósentustig frá þeirri verðbótahækkun launa, er skal eiga sér stað frá 1. september 1982 vegna ákvæða í 48.—52. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. ágúst 1982.

Vigdís Finnbogadóttir,
(L.S.)

Gunnar Thoroddsen.

21. ágúst 1982.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar vegna aðgerða í efnahagsmálum.

Íslenskt efnahagslíf hefur átt við ört vaxandi erfiðleika að etja á síðustu mánuðum. Þegar efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1982 var sett fram í þjóðhagsáætlun í október á liðnu ári, var miðað við ákveðnar forsendur um þróun helstu hagstærða hér á landi og í umheiminum. Þjóðhagsspáin var samkvæmt venju að mestu leyti áætlun um tekjur þjóðarbúsins og ráðstöfun þeirra. Þar var m. a. gengið út frá að þjóðarframleiðslan ykist um 1%, viðskipti við önnur lönd yrðu hallalaus og verðbólga færi minnkandi. Á þeim tíma var fastlega búist við jafnvægi í þjóðarbúskapnum á þessu ári.

Nokkru eftir að gengið var frá þjóðhagsspá varð ljóst, að ýmsar meginforsendur hennar stóðust ekki af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Loðnuveiðar brugðust og vonir manna um batnandi ástand í efnahagsmálum umheimsins reyndust ekki á rökum reistar. Því var nauðsynlegt að grípa til ráðstafana í efnahagsmálum snemma á þessu ári. Jafnframt var tilkynnt að frekari ráðstafana yrði þörf, þegar líða tæki á árið, ef ekki yrðu umskipti til hins betra.

Frá því í ársbyrjun hefur enn sigið á ógæfuhlið í þróun efnahagsmála, bæði hér á landi og annars staðar. Nú eru horfur á, að tekjur þjóðarbúsins dragist enn meira saman en þá var búist við. Fyrstu sex mánuði ársins reyndist verðmæti sjávarafla 17% minna en á sama tíma í fyrra og flest bendir til að framleiðsla sjávarafurða á þessu ári verði 13—16% minni en á síðasta ári.

Á sama tíma og tekjur í sjávarútvegi hafa minnkað, er einnig við alvarlegan vanda að etja á öðrum mikilvægustu útflutningsmörkuðum. Sá öldudalur, sem efnahagslífið í heiminum er í, hefur reynst dýpri en vænta mátti, og eftirspurn eftir framleiðslu okkar minnkað. Auk þess hefur kostnaðarþróun í útflutningsframleiðslu reynst þungur baggi og veldur verðbólgan þar mestu um. Þessi samdráttur skerðir þjóðartekjur sennilega um 5—6%, auk þeirra annarra viðtæku áhrifa sem samdrátturinn hefur á tekjur og afkomu í öðrum atvinnugreinum. Hér er um að ræða alvarlegra áfall í þjóðarbúskap okkar en um áratugaskeið.

Þessi óheillavænlega þróun veldur því, að í stað jafnaðar í viðskiptum við önnur lönd og minnkandi verðbólgu, eins og spáð var í lok síðasta árs, stefnir viðskiptahallinn í 8—9% af þjóðarframleiðslu á þessu ári. Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir nokkurri aukningu vöruútflutnings á næsta ári, eru engu að síður líkur á svipuðum viðskiptahalla á því ári, ef ekki verður gripið til sérstakra ráðstafana. Verðbólgan fer einnig vaxandi og er líklegt að án aðgerða verði hún um 75—80% um þetta leyti á næsta ári. Við slíkar aðstæður verður vart komist hjá atvinnuleysi, og skuldasöfnun við útlönd myndi stefna fjárhagslegu sjálfstæði okkar í voða.

Sá vandi sem við er að glíma er djúpstæðari og umfangsmeiri en um langt skeið, vegna þess hve þjóðarbúið og atvinnuvegirnir eru vanbúnir að mæta ytri áföllum. Langvarandi verðbólga hefur smám saman skekkt og grafið undan rekstrarskilyrðum framleiðsluatvinnuveganna. Takist ekki að draga verulega úr verðbólgu munu framleiðsluskilyrði og afkoma þjóðarbúsins fara versnandi á næstu árum.

Minnkandi afli, vandkvæði á erlendum mörkuðum og langvarandi verðbólga gera það nauðsynlegt að grípa nú til umfangsmikilla efnahagsráðstafana.

Þýðingarmesta verkefnið er að draga úr viðskiptahallanum og þar með erlendri skuldasöfnun, en það verður ekki gert við núverandi aðstæður á annan hátt en með lækku

þjóðarútgjalda, minni innflutningi og meiri sparnaði. Um leið og ráðstafanir eru gerðar til að draga úr þjóðarútgjöldum, leggur ríkisstjórnin áherslu á aðgerðir í atvinnumálum til að auka þjóðarframleiðslu og atvinnu á næstu árum. Aðhald í heildarútgjöldum samhliða aðgerðum til að auka framleiðslugetu þjóðarbúsins er því þungamiðja efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar mótask af eftirfarandi fjórum meginmarkmiðum:

Í fyrsta lagi að draga verulega úr viðskiptahalla, þannig að á næstu tveimur árum megi í áföngum ná hallalausum viðskiptum við önnur lönd.

Í öðru lagi að treysta undirstöður atvinnulífsins með aðgerðum til að auka framleiðni og framleiðslugetu þjóðarbúsins og tryggja þannig öllum landsmönnum næga atvinnu.

Í þriðja lagi að verja lægstu laun, eins og unnt er, fyrir þeim samdrætti, sem orðið hefur í þjóðartekjum.

Í fjórða lagi að veita viðnám gegn verðbólgu.

Til þess að ná þessum markmiðum hefur ríkisstjórnin sett bráðabirgðalög um ráðstafanir í efnahagsmálum. Aðalefni bráðabirgðalaganna er eftirfarandi:

1. Dregið er út vixlgangi kaupgjalds og verðlags með helmingslækkun verðbóta á laun 1. desember n. k.
2. Aflað er tekna á þann hátt að dregið er úr viðskiptahalla. Tekjunum verður ráðstafað til jöfnunar lífskjara.
3. Um leið og gengi krónunnar er breytt til að styrkja stöðu atvinnuveganna og draga úr innflutningi, er helmingi gengismunar varið til sérstakra ráðstafana í þágu sjávarútvegs, einkum vegna erfiðleika í togaraútgerð.

Auk þeirra aðgerða, sem ákveðnar hafa verið með bráðabirgðalögunum, hefur ríkisstjórnin ákveðið að standa að eftirfarandi:

1. Að undangengnum frekari viðræðum við aðila vinnumarkaðarins verði tekið upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun, með hliðsjón af hugmyndum viðræðunefndar um vísitölumál, þannig að verðbætur á laun verði greiddar samkvæmt nýju viðmiðunarkerfi eftir 1. desember 1982.
2. Innflutningur fiskiskipa verði stöðvaður í tvö ár, og við nýsmíði innanlands verði gerðar verulegar kröfur til eiginfjárframlags. Verkefnum varðandi breytingar og viðhald flotans verði beint til innlendra skipasmíðastöðva, eftir því sem kostur er.
3. Til að hamla gegn lélegri meðferð á afla og koma í veg fyrir léleg framleiðslugæði verði strax settar hertar matsreglur og viðurlög gegn brotum. Veiðar og vinnsla verði háð opinberum leyfum sem beita má m. a. í þessu skyni.
4. Á næstu mánuðum verði efnt til stórauðinnar fræðslu um gæði og vöruvöndun í íslenskrum framleiðslu.
5. Til að örva útflutning verði nýtt útflutningstryggingakerfi tekið upp og útflutningsslánakerfið efnt, þannig að Útflutningsslánasjóður geti boðið sambærileg kjör og samsvarandi sjóðir erlendis.
6. Unnið verði að því að draga úr þörf fyrir útflutningsuppbætur með því að stuðla að samdrætti í kjötframleiðslu með aðstoð hins opinbera, þannig að framleiðslan haldist framvegis í hendur við innanlandsneyslu og nýtanlega erlenda markaði. Viðræður verði teknar upp við samtök bænda um endurskoðun útflutningsbótakerfisins. Loðdýrarækt og aðrar nýjar búgreinar verði eflar sérstaklega með hagkvæman útflutning í huga. Stefnt verði að því að búvöruframleiðslan í einstökum byggðarlögum verði í samræmi við landkosti jarða og markaðsstöðu.
7. Undirbúið verði sérstakt átak í markaðs- og sölumálum íslenskra afurða erlendis.

8. Verðlagning á innlendum iðnaðarvörum sem eiga í óheftri erlendri samkeppni verði gefin frjáls.
9. Útlánareglur, lánstími og vaxtakjör fjárfestingalánasjóða atvinnuveganna verði samþærileg.
10. Undirbúin verði löggjöf um að stjórnendur ríkisstofnana, ráðuneyta og ríkisbanka verði framvegis ráðnir til fimm ára í senn.
11. Aukin áhersla verði lögð á sparnað og spornað við útpenslu í opinberum rekstri.
12. Erlendar lántökur verði takmarkaðar til samræmis við markmið um viðskiptajöfnuð. Í þessu skyni verði dregið úr heildarfjárfestingu og óbeinum aðgerðum beitt til að minnka innflutning, m. a. verði athugað að takmarka lán til vörukaupa og kaupa á vélum og tækjum.
13. Ríkisstjórnin mun stofna til endurskoðunar á skipulagi og útgjöldum til heilbrigðismála með sérstakri áherslu á þjónustu sjúkrahúsa.
14. Tekjuöflunarkerfi hins opinbera verði endurskoðað með það fyrir augum að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna með hliðsjón af tillögum starfshóps um starfsskilyrði atvinnuveganna.
15. Unnið verði að því að samræma aðstöðugjald á atvinnurekstur með lækkun gjaldsins á iðnað og landbúnað að undangengnum viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga.
16. Ríkisstjórnin mun hefja viðræður við samtök launafólks um jöfnun lífskjara. Í því skyni verði varið 175 millj. kr. á þessu og næsta ári til láglaunabóta og skattendurgreiðslna og 85 millj. kr. til Byggingarsjóðs ríkisins.
17. Ríkisstjórnin mun efna til viðræðna við viðskiptabanka og sparisjóði um lengingu lána til atvinnuvega og húsbyggjenda.
18. Stefna skal að aukinni hlutdeild starfsmanna og meðábyrgð í stjórnnum fyrirtækja og stofnana.
19. Ríkisstjórnin mun þar sem ástæða þykir til beita sér fyrir frestun á umfangsmiklum byggingarframkvæmdum opinberra stofnana og fyrirtækja í allt að 18 mánuði.
20. Tryggður verði áfangi í jöfnun húshitunarkostnaðar frá 1. október næstkomandi. Jafnframt verði skipuð nefnd með fulltrúum allra þingflokka er fjalli um framtíðarfjáröflun til jöfnunar húshitunarkostnaðar.
21. Ríkisstjórnin mun leita samráðs við aðila vinnumarkaðarins um þá breytingu á orlofslögum að laugardögum og frídegi verslunarmanna verði sleppt í talningu orlofsdaga. Að loknum viðræðum við aðila mun ríkisstjórnin leggja fram frumvarp í þessu skyni.